

29.09.2024 (#4 2024-2025) kl. 16:00

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir Valerie Maier, Jón Axelsson, Sveinn Símorsson, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir og Ragnar Fjalar Sævarsson, sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: Margrét J. Magnúsdóttir, Katrín Pálsdóttir og Jón Orri Jónsson.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Starfshlutfall Geir Ómarsson
3. Afrekssjóður umsókn og fundur með ÍSÍ
4. RIG þátttaka og Ægir3
5. Sarah Cushing og 2015 keppnin, misræmi í reglum ÞRÍ og ÍSÍ
6. Uppskeruhátíð
7. Formannafundur
8. Unglinga- og barnaþríþraut – Ragnar Guðmundsson
9. Umsókn til Europe Triathlon
10. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Starfshlutfall Geir Ómarsson

Stjórn ÞRÍ ræddi um mögulega breytingu á starfshlutfalli framkvæmdastjóra úr 30% í 50%.

Samþykkt samhljóða.

3. Afrekssjóður umsókn og fundur með ÍSÍ

Mikill munur á hvaða flokki ÞRÍ lendir í hjá ÍSÍ. Í síðustu úthlutun var ÞRÍ flokkað sem verkefnasamband en ekki afrekssamband. Valerie og Geir eru að fara á fund með Vésteini og Kára frá Afrekssviði ÍSÍ og munu koma með frekari upplýsingar inn á næsta fund.

4. RIG þátttaka og Ægir3

Geir sagði frá því að Ægir3 hafi áhuga á að vera með á RIG 2025. Þrjár útfærslur koma til greina:

1. Vera inni í höll með hjól - hlaup (virtual hjól og svo hlaup á brautinni).
2. Vera í lauginni, þá Sund-hlaup.
3. Vera í lauginni með sund-hjól.

RIG er alþjóðlegt mót og því fylgir þátttöku nokkur vinna ásamt því að kostnaður gæti numið 150.000 kr

Samþykkt var að skoða þetta betur með Ægir 3 og þá var samþykkt að ÞRÍ myndi bera kostnað sem næmi allt að 150.000 kr vegna mótsins.

5. Sarah Cushing og 2015 keppnin, misræmi í reglum ÞRÍ og ÍSÍ

Tekið var til umræðu mál um hvort Sarah Cushing væri mögulega gjaldgeng sem Íslandsmeistari í keppni sem haldin var á Laugarvatni árið 2015. Sarah var erlendur ríkisborgari á þessum tíma og ÞRÍ var ný stofnað og reglur ekki skýrar. Samþykkt var að heyra í lögfræðingi ÍSÍ og fá álit.

6. Uppskeruhátíð

Stungið var upp á dagsetning fyrir uppskeruhátíð í þann 14. nóvember og ætlaði Geir að athuga hvort að salurinn væri laus hjá ÍSÍ.

7. Formannafundur

Ákveðið var að næsti formannafundur yrði haldinn mánudaginn 28. október.

8. Unglinga- og barnaþríbraut – Ragnar Guðmundsson

Ragnar Guðmundsson kom inn á fundinn og kynnti unglinga- og barnaþríbrautarstarf. Hann talaði um mikilvægi þess að nálgast skólana og fá þá með í að kynna þríbraut. Hann talaði um að Þríbrautarsambandið gæti stutt við félögin til að koma starfinu af stað en að félögin sjálf þurfi að vera undirstaðan í unglingastarfinu í framhaldinu. Hann talaði um Active Skills For Life efnið frá breska Þríbrautarsambandinu og að gott væri að nota það svo að fólk sem sinnir starfinu hjá félögunum sé með efni til þjálfunar.

9. Umsókn til Europe Triathlon

Umsókn til Europe Triathlon þarf að klára fyrir 15. nóvember. Valerie ætlar að senda tölvupóst með frekari upplýsingum.

10. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

29. september 2024
Fundur #4



Fundi slitið kl. 18:23

Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnafund: 10. nóvember 2024 kl 16:00.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum